

## 66. Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar haldin í Félagsmiðstöðinni Afdrep

Þriðjudaginn 24. september 2013 kl:17:00

Á fundinn mættu:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir

Elva Ösp Magnúsdóttir

Snædís Hjartardóttir

Sigrún Ólafsdóttir

### 1. Félagsmiðstöðin Afdrep

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er komin í gang. Þær Hafdís Rán Brynjarsdóttir og Halldóra Unnarsdóttir munu starfa áfram sem forstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar í vetur. Nefndin skoðaði aðstöðuna og fór yfir ýmis atriði henni tengdri. Búið er að laga aðstöðuna töluvert.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur gaf nýverið skjávarpa í félagsmiðstöðina og Lionsklúbburinn þernan á Hellisandi tvo stóra grjónapúða. Þökkum við Lionsklúbbunum kærlega fyrir þessar flottu gjafir.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa var falið að ræða við Svein hjá Félags- og skólaþjónustunni varðandi liðveislu fyrir þá krakka sem á þurfa að halda í félagsmiðstöðinni. Framundan í félagsmiðstöðinni er m.a. Æskulýðsball.

### 2. Nefndarmenn

Þar sem Ari Bent Ómarsson er fluttur var Brynju Mjöll falið að hafa samband við hann og athuga hvort hann muni starfa áfram í nefndinni eða hvort varamaður komi inn í hans stað.

### 3. Íþróttahús og sundlaug

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi fór yfir stöðu framkvæmda við sundlaugina. Einnig var rætt um aðstöðu uppi í íþróttahúsi fyrir krakkana til þess að bíða á milli æfinga.

Búið er að gefa út stundatöflu vetrarins í Íþróttahúsi en ekki er útilokað að breytingar verði gerðar á henni.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:00